

Þjónustustefna Húnaþings vestra

Inngangur

Þjónustustefna Húnaþings vestra er sett á grunni 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í júní 2021 var lögfest ákvæði í fyrrnefndum sveitarstjórnarlögum að frumkvæði Byggðastofnunar sem kveður á um að sveitarstjórn skuli móta stefnu sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum. Stefnan er sett fram fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir.

Greinin er svo hljóðandi:

[130. gr. a. Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags. Samhliða fjárhagsáætlun, sbr. 62. gr., skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags. Við gerð og mótun stefnunnar skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa sveitarfélagsins. Málsmeðferð við afgreiðslu stefnunnar skal að öðru leyti vera skv. 3. mgr. 62. gr.]

Í greinargerð frumvarpsins segir eftirfarandi um greinina: Hér er lagt til það nýmæli að að sveitarstjórn beri að setja sér stefnu um það hvaða þjónustustigi sveitarfélagið ætlar að halda uppi í byggðum og byggðarlögum utan stærstu byggðakjarna viðkomandi sveitarfélags og upplýsa íbúa um stefnuna. Ljóst er að með fækkun sveitarfélaga munu jafnframt myndast víðáttumikil sveitarfélög, mögulega með fáum og stórum byggðakjörnum en viðkvæmari byggð á öðrum svæðum innan sveitarfélaganna. Því er mikilvægara en áður að stefna sveitarstjórnar varðandi þjónustustig á slíkum svæðum verði skýr og komi til sérstakrar umræðu og er því lögð til sú skylda á sveitarstjórn að mynda og móta slíka stefnu eftir sérstakt samráð við íbúa sveitarfélagsins, t.d. með opnu umsagnarferli. Ekki er getið sérstaklega um þá þjónustu sem beri að greina frá í stefnunni en gert er ráð fyrir að það verði á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlag fyrir sig og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum, t.d. skólahaldi, ferðum skólabíla, opnunartíma sundlauga, rekstur félagsheimila o.s.frv. Þá er almennt gert ráð fyrir að sveitarfélag myndi ávallt stefnu um öll þau byggðasvæði sem eru utan stærstu byggðakjarna. Það er hins vegar lagt í hendur sveitarfélaga að ákvarða hvort og hvernig svæði verði skipt frekar upp með tilliti til þjónustustigs, svo sem með því að flokka svæði eftir ákveðinni fjarlægð frá byggðakjarna eða mið við eldri skipan sveitarfélaga eða hreppa.

Í 2. mgr. er lagt til að sama fyrirkomulag verði við afgreiðslu á þjónustustefnu sveitarfélagsins skv. 1. mgr. og er við afgreiðslu fjárhagsáætlunar skv. 62. gr. laganna enda ljóst að slíkar áætlanir haldast í hendur. Við gerð þjónustustefnu sveitarfélaga þarf að hafa í huga lögskyld og lögheimil verkefni samkvæmt yfirliti Stjórnarráðsins sem gefið er út með vísan til 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Verkefni eru lögskyld

ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Lögheimil felast í því að sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort verkefninu er sinnt, en ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Einnig þarf að hafa í huga verkefni sem sveitarfélög velja að setja á dagskrá til að gera sveitarfélagið eftirsóknan verðan kost sem eru þá valkvæð verkefni.

Almennt um þjónustu Húnaþings vestra

Húnaþing vestra leggur áherslu á að íbúar upplifi sveitarfélagið sem traustan og ábyrgðarfullan þjónustuaðila við mannlíf og atvinnulíf á svæðinu. Lögð er áhersla á að þjónusta sveitarfélagsins verði löguð að þörfum íbúa og fyrirtækja á grundvelli jafnræðissjónarmiða eftir því sem lög og reglur heimila. Það er sameiginlegt markmið starfsmanna og stjórnenda sveitarfélagsins að veita metnaðarfulla og framsækna þjónustu. Slíkt samstarf byggist á trausti og virðingu þar sem hver og einn ber ábyrgð á eigin viðhorfum og hugarfari. Húnaþing vestra er þjónustuaðili sem veitir íbúum, fyrirtækjum og gestum þjónustu með einum eða öðrum hætti. Allt starfsfólk sveitarfélagsins á að vera samstíga í að veita góða þjónustu og notendur þjónustunnar ættu að vita hvers þau geta vænst þegar þau sækja hana.

Lögð er áhersla á að þjónustan sé aðgengileg og taki mið af notenda hverju sinni. Alla þjónustu skal leitast við að veita sem næst notandanum, þar sem viðkomandi er hverju sinni. Leitast verður við að veita þjónustuna augliti til auglitis, í síma, tölvupóstsamskiptum eða í gegnum fjarfundi. Starfsmenn skulu sinna starfi sínu af samviskusemi og sýna kurteisi, lipurð og réttisýni og starfa fyrst og fremst í þágu íbúa sveitarfélagsins sem leggur þeim þá skyldu á herðar að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum. Um nánari skyldur starfsmanna sveitarfélagsins vísast til [mannauðsstefnu](#) Húnaþings vestra og [siðareglna](#) starfsmanna Húnaþings vestra.

Íbúasamráð við gerð stefnunnar

Við gerð þjónustustefnunnar var viðhaft íbúasamráð í samræmi við 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Drög að stefnunni voru unnin í samráði framkvæmdaráðs og starfsmanna sveitarfélagsins. Auglýst var eftir ábendingum íbúa varðandi stefnuna á heimasíðu sveitarfélagsins. Við gerð stefnunnar var tekið tillit til þeirra ábendinga sem bárust eins og kostur var. Drög að stefnunni voru þá lögð fyrir byggðarráð og vísað þaðan í rafrænt íbúasamráð þar sem öll gátu sent inn athugasemd með rafrænum hætti. Tekið var tillit til þeirra athugasemda sem bárust eins og kostur var.

Hafa ber í huga að þjónustustefna á að geta gefið mynd af mögulegum aðstæðum innan fárra ára. Það þarf ekki að þýða að sveitarfélag ætli að skuldbinda sig til að halda úti ákveðinni þjónustu eða ekki veita ákveðna þjónustu heldur að sveitarfélagið sé opið fyrir því að breyta þjónustu með einum eða öðrum hætti og aðlaga ef forsendur breytast.

Skipulag stefnunnar

Stefnunni er skipt niður eftir málaflokkum og þar undir hvernig þeirri þjónustu er háttað í sveitarfélaginu. Í stefnunni er Húnaþingi vestra skipt upp í tvö þjónustusvæði, þéttbýliskjarni (Hvammstangi) og dreifbýli.

Í stefnunni er annars vegar fjallað um lögbundin verkefni sveitarfélagsins og hvernig þeim er háttað. Byggt er á yfirliti yfir [lögmælt verkefni, sótt á vef Stjórnarráðsins](#). Í kjölfarið er fjallað um lögheimil verkefni. Að síðustu er fjallað um valkvæð verkefni.

Lögbundin verkefni

Félagsþjónusta Húnaþings vestra

Barnaverndarmál - Ábyrgð: Barnaverndarþjónusta Mið-Norðurlands með aðkomu Fjölskyldusviðs

Húnaþing vestra er aðili að Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands í hverju Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag. Starfssvæðið nær til sveitarfélaga á Norðurlandi vestra auk Fjallabyggðar. Fjölskyldusvið sér um vinnslu mála í samvinnu sviðsstjóra, yfirfélagsráðgjafa og sálfræðings við barnaverndarþjónustu og eftir atvikum skólastofnanir og heilsugæslu. Verkefni barnaverndar eru meðal annars vinnsla mála skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002, ráðgjöf í tengslum við fjölskyldur og barnavernd, umsagnir í umgengnis- og ættleiðingarmálum, úttektir á fósturfjölskyldum og stuðningsfjölskyldum, sumardvalir barna og forvarnastarf. Tengiliðir við Barnaverndarþjónustuna í Húnaþingi vestra eru sviðsstjóri fjölskyldusviðs, yfirfélagsráðgjafi og sálfræðingur.

Aðstoð við erlenda ríkisborgara, félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð - Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Yfirfélagsráðgjafi hefur aðsetur í Ráðhúsi Húnaþings vestra og tekur á móti skjólstæðingum þar en sinnir einnig erindum í síma og í gegnum tölvupóst. Kallar hann til samstarfs þær stofnanir sem við á svo sem grunnskóla, leikskóla o.s.frv. hvað varðar móttöku nýrra nemenda eftir þörfum og óskum skólanna. Jafnframt er viðhaft samstarf við heilsugæslu. Umsóknir um þjónustu eru aðgengilegar á íbúagátt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Málefni aldraðra - Ábyrgð: Snældan heimaþjónusta

Þjónusta fyrir eldri borgara er samstarfsverkefni Húnaþings vestra og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Heimaþjónusta er samþætt og rekin í gegnum *Snælduna-heimaþjónustu* sem staðsett er í húsnæði Sjúkrahússins á Hvammstanga við Spítalastíg. Þjónustan sameinar heimastuðning, heimahjúkrun, dagdvöl og matarþjónustu með það að markmiði að veita sveigjanlega, einstaklingsmiðaða þjónustu fyrir þá sem ekki geta séð alfarið um daglegt líf sitt. Snældan er hluti af

þróunarverkefninu *Gott að eldast*, sem miðar að því að tryggja eldra fólki samfellda og samhæfða þjónustu á þeirra eigin forsendum. Þar starfa einnig tengiráðgjafi og sjúkraþjálfari í heimaendurhæfingu, sem vinna að því að draga úr félagslegri einangrun og efla sjálfstæði notenda. Þjónustuframboð Snældunnar er eftirfarandi:

- **Heimastuðningur:** Aðstoð við heimilishald, innkaup, erindagjörðir og félagslegur stuðningur.
- **Heimahjúkrun:** Lyfjaumsjón, baðaðstoð, heilsufarseftirlit og stuðningur við daglegt líf.
- **Dagdvöl:** Félagslegur stuðningur, afþreying, hádegismatur og þjálfun. Akstur til og frá staðnum í boði.
- **Matarþjónusta:** Matur borinn út á Hvammstanga og Laugarbakka eða borinn fram í matsal sjúkrahússins.

Tengiliður Húnaþings vestra vegna málefna aldraðra er yfirfélagsráðgjafi.

Málefni fatlaðs fólks - Ábyrgð: Skagafjörður

Húnaþing vestra er aðili að samstarfi sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra varðandi málefni fatlaðs fólks þar sem Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag. Tengiliðir Húnaþings vestra við leiðandi sveitarfélag eru sviðsstjóri fjölskyldusviðs og yfirfélagsráðgjafi. Á Hvammstanga er rekið sambýli fyrir einstaklinga með fatlanir og lðja, vinnustaður fyrir fatlaða.

Stuðningsþjónusta - Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Húnaþing vestra er aðili að samstarfi sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra varðandi málefni fatlaðs fólks þar sem Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag. Samkvæmt samningi þar um fer ráðgjöf við fatlað fólk og öryrkja fram hjá Fjölskyldusviði sem staðsett er í Ráðhúsinu á Hvammstanga.

Túlkþjónusta og málstefna – Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Túlk eru kallaðir til eftir þörfum, ýmist í stað eða fjarþjónustu. [Málstefna Húnaþings vestra](#) var samþykkt í apríl 2024 og gildir út árið 2028.

Upplýsingagjöf vegna barna – Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Í öllu sveitarfélaginu er unnið skv. barnalögum nr. 76/2003.

Vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda – Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Yfirfélagsráðgjafi og sálfræðingur hafa aðsetur í Ráðhúsi Húnaþings vestra og taka á móti skjólstæðingum þar.

Samþætting þjónustu í þágu barna – Ábyrgð Fjölskyldusvið

Starfsfólk félagsþjónustunnar, sálfræðingur, þroskaþjálfari, ráðgjafi og málastjórar hafa aðsetur í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Tengiliðir hafa aðsetur í Grunnskóla Húnaþings vestra og Leikskólanum Ásgarði en sinna einnig erindum í síma og í gegnum tölvupóst. Að samþættingu kemur auk þeirra ýmist fagfólk, svo sem kennarar, heilbrigðisstarfsfólk

og aðrir eftir eðli hvers máls. Á Hvammstanga er félagsmiðstöð og frístund auk samfélagsmiðstöðvar sem er í þróun.

Húsnæðismál

Fasteignamat, skráning og öflun grunnupplýsinga - Ábyrgð: Skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa

Skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa annast skráningar fasteigna í fasteignaskrá fyrir hönd sveitarfélagsins. Skipulags- og byggingarfulltrúi og aðstoðarmaður hans hafa aðsetur í Ráðhúsi Húnaþings vestra en sinna einnig erindum í síma og í gegnum tölvupóst. Ýmsar umsóknir skrifstofunnar er að finna á íbúagátt á heimasíðu Húnaþings vestra.

Húsnæðisáætlun – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

[Húsnæðisáætlun](#) gildir fyrir allt sveitarfélagið og er uppfærð árlega með tilliti til breytinga og þróunar á forsendum milli ára. Unnið er samkvæmt reglugerð nr. 1248/2018 um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.

Húsnæðismál – Ábyrgð: Skipulags- og byggingarfulltrúi

Stuðst er við [Húsnæðisáætlun](#) sem uppfærð er árlega. [Listi yfir lausar lóðir](#) er aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins. Aðalskipulag verður endurskoðað á árunum 2026 og 2027 Í þeirri vinnu verður horft til skipulagningar nýrra byggingarlóða ásamt nýju athafnasvæði.

Húsnæðismál – Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Á Hvammstanga er til staðar félagslegt leiguhúsnæði, íbúðir fyrir aldraða og búsetuúrræði fyrir fatlað fólk. Sótt er um félagslegt húsnæði og íbúðir fyrir aldraða hjá sveitarfélaginu og fer félagsmálaráð með úthlutun í samræmi við reglur og viðmið. Umsóknareyðublöð eru á íbúagátt heimasíðu sveitarfélagsins. Sótt er um íbúðir fyrir fatlað fólk hjá Skagafirði sem er leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðra. Yfirfélagsráðgjafi veitir ráðgjöf vegna félagslegs húsnæðis, íbúða fyrir aldraða og fatlað fólk. Yfirfélagsráðgjafi hefur aðsetur í Ráðhúsi Húnaþings vestra og tekur á móti skjólstæðingum þar en sinnir einnig erindum í síma og í gegnum tölvupóst.

Sérstakur húsnæðisstuðningur – Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Er í boði fyrir þá sem á þurfa að halda og falla undir viðmið reglna sveitarfélagsins. Sótt er um á íbúagátt á heimasíðu Húnaþings vestra undir Fjölskyldusvið/félagsþjónusta. Yfirfélagsráðgjafi veitir ráðgjöf eftir þörfum á starfsstöð sinni í Ráðhúsinu eða í gegnum síma og/eða tölvupóst.

Fræðslu- og menningarmál

Almenningsbókasafn – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Bókasafn er staðsett á Hvammstanga. Gjaldi fyrir útlán er stillt í hóf og aðeins er greitt fyrir eitt „bókasafnskort“ á heimili.

Bygging framhaldsskóla – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Húnaþing vestra er aðili að Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra. Fyrirhuguð er viðbygging við verknámshús skólans. Á Hvammstanga er dreifnámsdeild sem sveitarfélagið greiðir húsnæðis- og rekstrarkostnað af.

Grunnskóli – Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Einn grunnskóli er í sveitarfélaginu; Grunnskóli Húnaþings vestra á Hvammstanga. Boðið er upp á frístundaúrræði eða lengda viðveru. Skólamáltíðir eru án endurgjalds.

Skólaakstur er á 8 leiðum alls staðar þar sem börn eru búsett, ýmist með skólabílum eða samningum við foreldra.

Leikskóli – Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Einn leikskóli er í sveitarfélaginu; Leikskólinn Ásgarður á Hvammstanga. Tekið er við börnum við 12 mánaða aldur. Boðið er upp á niðurgreiðslur daggjalda hjá dagforeldrum ef bið er eftir leikskólaplássi sem alla jafna er ekki. Sveitarfélagið greiðir foreldrum í dreifbýli styrk vegna aksturs leikskólabarna. Einnig geta foreldrar samið við skólabílstjóra um akstur leikskólabarna ef pláss er í skólabílum.

Skólaþjónusta – Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Skólaþjónusta er rekin í sveitarfélaginu eins og kveðið er á um í 9. kafla laga um grunnskóla nr. 91/2008 og skv. reglugerð nr. 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga. Skólaþjónustan þjónustar grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu skv. tilvísunum hverju sinni.

Ráðning kennara, skólastjóra o.fl. – Ábyrgð: Skólastjórar og sveitarstjórn

Ótímabundin störf eru auglýst í samræmi við [verklagsreglur um ráðningar](#). Ráðning skólastjóra er í höndum sveitarstjórnar en ráðning annars starfsfólks í höndum skólastjóra.

Tónlistarskóli

Tónlistarskóli er staðsettur á Hvammstanga í Grunnskóla Húnaþings vestra. Nemendur í dreifbýli ganga fyrir í kennslustundir á skólatíma. Kennari úr tónlistaskólanum fer í leikskólann og kennir nemendum í forskóla. Ef um sértæk hljóðfæri er að ræða sem ekki er þekking á við skólann hafa nemendur fengið kennslu í fjarkennslu. Sveitarfélagið greiðir námskostnað nemenda í framhaldsnámi utan lögheimilssveitarfélags í samræmi við reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tólistarnáms.

Öryggis- og löggæslumál

Almannavarnir (að hluta) – Ábyrgð: Sveitarstjóri

Sveitarfélagið fer eftir lögum um Almannavarnir nr. 82/2008. Samstarf er um rekstur almannavarnanefndar í Húnavatnssýslum. Sveitarstjóri Húnaþings vestra situr í almannavarnarnefnd Húnavatnssýslna ásamt slökkviliðsstjóra, lækni hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga og sviðsstjóra umhverfis- veitu- og framkvæmdasviðs.

Brunavarnir og brunamál – Ábyrgð: Sveitarstjóri

[Brunavarnaáætlun](#) er gerð fyrir starfssvæði Brunavarna Húnaþings vestra samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og er endurskoðuð að lágmarki á 5 ára fresti. Slökkvistöð er staðsett á Hvammstanga en sinnir þjónustu við allt sveitarfélagið í samræmi við útköll. Við slökkviliðið starfar slökkviliðsstjóri í 75% starfi ásamt tveimur varaslökkviliðsstjórum. Aðrir slökkviliðsmenn eru hlutastarfandi.

Sjóvarnir – Ábyrgð: Sviðsstjóri umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviðs

Húnaþing vestra tekur þátt í sjóvörnum í sveitarfélaginu í samræmi við lög um sjóvarnir nr. 28/1997. Vegagerðin ber ábyrgð á áætlun um sjóvarnir og tæknilegum undirbúningi framkvæmda og umsjón með þeim. Sveitarfélagið tekur þátt í þeim kostnaði sem lögbundinn er og er eigandi þeirra mannvirkja sem lögin taka til.

Umhverfis- og skipulagsmál, dýrahald o.fl

Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar – Ábyrgð: Skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa

Skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa sér um eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingum í sveitarfélaginu í samræmi við lög og reglugerðir hverju sinni. Starfsstöð starfsmanna er í Ráðhúsinu á Hvammstanga og er þar veitt ráðgjöf eða í gegnum síma og/eða tölvupóst. Umsóknir um leyfi er að finna á íbúagátt sveitarfélagsins.

Fjallskil – Ábyrgð: Sveitarstjórn

Sex fjallskiladeildir eru starfandi í Húnaþingi vestra og starfa í samræmi við [fjallskilasamþykkt](#) sveitarfélagsins og lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Sveitarstjórn tilnefnir fjallskilastjórnir skv. sveitarstjórnarlögum í upphafi hvers kjörtímabils. Fjallskiladeildir bera ábyrgð á fjallskilum á sínum svæðum.

Framkvæmd umhverfismats – Ábyrgð: Skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa

Skipulags- og byggingarfulltrúi hefur f.h. sveitarfélagsins eftirlit með að fullnægjandi umhverfismat sé unnið í tengslum við leyfisveitingar vegna framkvæmda í samræmi við lög og reglugerðir hverju sinni.

Gatnagerð – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið ber ábyrgð á gatnagerð í sveitarfélaginu og er farið eftir framkvæmdaáætlun hverju sinni ásamt gildandi skipulagsáætlunum.

Heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið
Sveitarfélagið í heild heyrir undir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra og á fulltrúa í nefndinni sem skipaður er af sveitarstjórn. Heilbrigðisnefnd starfar eftir gildandi lögum- og reglugerðum hverju sinni og sér um eftirlit og leyfisveitingar eins og þar er kveðið á um.

Landgræðsla – Ábyrgð: Skipulags- og umhverfisráð

Sveitarstjórn hefur eftirlit með ástandi lands samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018. Skipulags- og umhverfisráð sinnir hlutverki sveitarfélagsins skv. lögum þeim.

Meindýraeyðing, dýraeftirlit – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Sveitarfélagið ræður meindýraeyði í vinnu í sveitarfélaginu þegar þess er þörf. Um hunda- og kattahald í þéttbýli gildir [samþykkt](#) sem hefur vísan í þau lög og reglugerðir sem í gildi eru hverju sinni. Sveitarfélagið skipuleggur árlega hreinsun sbr. 2. og 6. gr. samþykktar um hunda- og kattahald og fer sú hreinsun fram í þjónustumiðstöð. Þar eru hundar sem handsamaðir eru jafnframt vistaðir. Sveitarfélagið gerir samninga við aðila vegna minka- og refaeyðingar í sveitarfélaginu í samræmi við fjárheimildir á fjárhagsáætlun hverju sinni.

Nafngiftir nýrra náttúrufyrirbæra – Ábyrgð: Skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa

Skipulags- og umhverfisráð gerir tillögur að nýjum örnefnum fyrir allt sveitarfélagið í samræmi við lög nr. 22/2015. Skipulags- og byggingarfulltrúi heldur utan um verkefnið. Heimilt er að halda samkeppnir um nafngiftir.

Skipulagsmál – Ábyrgð: Skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa

Skipulags- og umhverfisráð gerir tillögur til sveitarstjórnar að nýjum deiliskipulagsáætlunum og endurskoðun eldri áætlana. Ráðið hefur jafnframt umsjón með endurskoðun aðalskipulags þegar það á við. Skipulags- og byggingarfulltrúi vinnur að framgangi skipulags til samræmis við ákvæði skipulagslaga.

Söfnun og meðferð úrgangs – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Sveitarfélagið er með samning við fyrirtæki varðandi meðhöndlun og förgun sorps í sveitarfélaginu.

Söfnun og meðferð skólps – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Sveitarfélagið á og rekur fráveitukerfi í þéttbýli og innheimtir gjald vegna þess í samræmi við gjaldskrá hverju sinni. Sveitarfélagið heldur utan um losun rotþróa í dreifbýli þar sem ekki er fráveita og innheimtir raunkostnað fyrir þá þjónustu samkvæmt lögum þar um.

Tilkynningaskylda um fornleifar í hættu eða spjöll á friðlýstu svæði – Ábyrgð: Skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa

Á verksviði skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir allt sveitarfélagið.

Verndarsvæði í byggð – Ábyrgð: Skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa

Verndarsvæði í byggð er skipulagsmál og þar með á verksviði skipulags- og byggingarfulltrúa að hafa eftirlit með að unnið sé samkvæmt skilmálum verndar. Í Húnaþingi vestra er skilgreint verndarsvæði í byggð á Borðeyri.

Loftslagsstefna sveitarfélaga – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Loftslagsstefna sveitarfélaganna í Húnavatnssýslum var samþykkt árið 2025. Vinna við aðgerðaáætlun stendur yfir.

Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar – Ábyrgð: Skipulags- og umhverfisráð

Skipulags- og umhverfisráð sinnir náttúruverndarmálum í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Kosningar

Framlög til stjórnmalasamtaka – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Samkvæmt 5. gr. laga um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006 eru greiddir árlegir styrkir til stjórnmalasamtaka sem eiga sæti í sveitarstjórn í samræmi við fjárheimildir fjárhagsáætlunar hverju sinni. Stjórnmalasamtök sækja um styrkinn til sveitarfélagsins og fá hann greiddan að uppfylltum skilyrðum 5. gr. laga nr. 162/2006.

Alþingis-, forseta- og sveitarstjórnarkosningar – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Framkvæmd kosninga í Húnaþingi vestra fer fram samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021. Í sveitarfélaginu er tilnefnd kjörstjórn á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar. Vikurnar fyrir kosningar býður sveitarfélagið í samstarfi við sýslumanninn á Norðurlandi vestra upp á utankjörfundaratkvæðagreiðslu í Ráðhúsinu á Hvammstanga. Einnig er farið með utankjörfund á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga. Kjörstaður er einn, á Hvammstanga.

Samgöngur

Lagning og viðhald vega og stíga – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Hér er átt við vegi og stíga sem ekki eru í umsjón Vegagerðar, t.d. styrkvegi til heiða og göngustíga. Viðhald styrkvega er á ábyrgð fjallskiladeilda í samræmi við það fjármagn sem deildunum er úthlutað árlega af styrk Vegagerðarinnar og fjárframlagi sveitarfélagsins. Sviðsstjóri umhverfis- veitu- og framkvæmdasviðs ber ábyrgð á viðhaldi stíga. Unnið er eftir gildandi skipulagsáætlunum og framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Vatns- og fráveitur

Fráveita – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Sveitarfélagið á og rekur fráveitukerfi í þéttbýli og innheimtir gjald vegna þess í samræmi við gjaldskrá hverju sinni. Sveitarfélagið heldur utan um losun rotþróa í dreifbýli þar sem ekki er fráveita og innheimtir raunkostnað fyrir þá þjónustu.

Vatnsveita – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Húnaþing vestra á og rekur vatnsveitur á Hvammstanga, Laugarbakka og Borðeyri.

Íþrótt- og æskulýðsmál

Frístund – Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Frístundaúrræði og lengd viðvera er fyrir skólabörn á Hvammstanga.

Íþróttamálefni, bygging íþróttahúsa o.fl. – Ábyrgð: Fjölskyldusvið og Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Íþróttamiðstöð með þreksal, íþróttasal og sundlaug með heitum pottum, köldu kari og vatnsrennibraut er á Hvammstanga. Fótboltavöllur er í Kirkjuhvammi ofan Hvammstanga og sparkvöllur við Grunnskóla Húnaþings vestra og við skólahúsið á Borðeyri. Korfuboltavöllur er við Grunnskóla Húnaþings vestra

Þjónusta við unglinga – Ábyrgð: Fjölskyldusvið og umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Félagsmiðstöðin Óríon er starfandi á Hvammstanga og fer þar fram starf fyrir 11-16 ára ungmenni. Vinnuskóli er starfræktur á sumrin fyrir ungmenni á aldrinum 13-16 ára. Megin starfsstöð vinnuskólans er á Hvammstanga en nemendur hans fara á Laugarbakka og Borðeyri eftir þörfum. Sveitarfélagið greiðir foreldrum styrki vegna aksturs barna úr dreifbýli í tómstundir samkvæmt [reglum](#) þar um.

Æskulýðsmál

Í gildi er styrktar- og/eða þjónustusamningur við USVH bæði um beinan fjárstuðning og reiknuð afnot aðstöðu vegna íþróttastarfs ungmenna í sveitarfélaginu. USVH útteilir fjármagni til undirfélaga. Fjölbreytt starf er í boði fyrir börn og ungmenni sem fer fram á Hvammstanga. Sveitarfélagið gefur út [frístundakort](#) að upphæð kr. 25 þúsund á ári fyrir börn frá fæðingu sem nýta má til tómstunda sem fram fara í sveitarfélaginu í samræmi við reglur þar um.

Heilbrigðismál

Bygging heilsugæslu og sjúkrastofnana

Engin slík verkefni eru áformuð.

Ýmsar aðrar skyldur

Húsmæðraorlof – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Húnaþing vestra greiðir í húsmæðraorlofssjóð fyrir konur í sveitarfélaginu, samkvæmt lögum um orlof húsmæðra nr. 53/1972.

Jafnréttismál – Ábyrgð: Bygðarráð

Bygðarráð ber ábyrgð á jafnréttismálum í Húnaþingi vestra og fer eftir [jafnréttisáætlun](#) sem endurskoðuð er árlega. Sveitarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar. Einnig hefur sveitarfélagið hlotið jafnlaunavottun í samræmi við 7. gr. laga nr. 150/2020. Er áætlunin tekin út og endurskoðuð reglulega. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ber ábyrgð á viðhaldi jafnlaunavottunar.

Kirkjur og kirkjugarðar – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Sveitarfélagið sinnir skyldum við kirkjugarða og kirkjur samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og lög um kristnisjóð nr. 35/1970.

Umsögn um rekstrarleyfi og útgáfa áfengissöluleyfa – Ábyrgð: Skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa

Skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa ber ábyrgð á umsögnum um rekstrar- og áfengissöluleyfi að beiðni Sýslumannsins á Norðurlandi vestra og beinir slíkum beiðnum í réttan farveg, annað hvort til skipulags- og umhverfisráðs eða sveitarstjóra eftir atvikum. Umsóknir um slík leyfi skulu berast Sýslumanninum í gegnum island.is.

Stjórnsýsla sveitarfélaga

Álagning og innheimta opinberra gjalda – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Sveitarstjórn ákvarðar gjaldskrár ár hvert samhliða fjárhagsáætlun hvers árs. Gjaldskrár eru birtar á vefsíðu sveitarfélagsins og þær sem við á í B-deild stjórnartíðinda. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ber ábyrgð á því í umboði bygðarráðs fyrir sveitarfélagið í heild að framfylgja álagningu og innheimtu. Álagning og innheimta er að mestu rafræn og hægt að fá aðstoð og upplýsingar hjá skrifstofu sveitarfélagsins í gegnum síma, tölvupóst og/eða með komu í Ráðhúsið á Hvammstanga. Sveitarfélagið er með samning við innheimtufyrirtæki sem annast innheimtu ógreiddra reikninga.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Unnið er eftir lögum um persónuupplýsingar nr. 90/201. Sveitarfélagið er með samning við ráðgjafa sem gengir hlutverki persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Tekið er á móti fyrirspurnir/beiðnum um upplýsingar á netfangið personuvernd@hunathing.is.

Starfsmannamál, kjarasamningar – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Starfandi er starfs- og kjaranefnd sem fer með röðun starfsmanna í launatöflur í samstarfi við sviðsstjóra sveitarfélagsins. Sveitarstjóri er mannauðsstjóri sveitarfélagsins. Sveitarfélagið er með samning við ráðgjafafyrirtæki um að vera bakhjarl í mannauðsmálum sem forstöðumenn geta leitað til. Starfsmenn sem telja sig hafa orðið

fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi eða hafa orðið vitni að slíkri hegðun eru hvattir til að láta vita svo unnt sé að bregðast við. Ábyrgðaraðili slíkra mála er sveitarstjóri. Skal tilkynningum beint til hans eða á netfangið tilkynningar@attentus.is sé sveitarstjóri aðili máls eða tengdur aðila máls. Einnig er hægt að leita til viðkomandi stéttarfélags eða Vinnueftirlitsins.

Sveitarstjórn - verkefni og skyldur – Ábyrgð: Sveitarstjórn

Sveitarstjórn Húnaþings vestra vinnur eftir sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, [samþykktum stjórn sveitarfélagsins nr. 15/2024](#), [siðareglum kjörinna fulltrúa](#) og [samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum Húnaþings vestra](#).

Upplýsingagjöf – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Sveitarfélagið vinnur eftir upplýsingalögum nr. 140/2012. Vefsíða sveitarfélagsins er mikilvægur hlekkur í upplýsingagjöf sveitarfélagsins og eru allar helstu upplýsingar að finna þar. Eins er sveitarfélagið vakandi fyrir stafrænum skrefum í aukinni þjónustu við íbúa sem er til hagsbóta fyrir alla íbúa sveitarfélagsins óháð búsetu. Fundargerðir eru birtar að afloknum fundum fastanefnda og eru birtar ásamt þeim fylgigögnum sem heimilt er að birta samkvæmt [reglum sveitarfélagsins um birtingu gagna með fundargerðum](#). Tekið er við beiðnum um gögn á grundvelli upplýsingalaga á íbúagátt sveitarfélagsins og þeim vísað til meðferðar persónuverndarfulltrúa. Eru slíkar beiðnir teknar til meðferðar innan lögbundins frests.

Útboð opinberra framkvæmda og innkaupa – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviðs/Fjármála- og stjórnsýslusvið/Fjölskyldusvið

Sveitarstjóri og sviðsstjórar sjá um útboð opinberra framkvæmda og innkaupa fyrir sveitarfélagið. Unnið er eftir [innkaupastefnu](#) sveitarfélagsins, [innkaupareglum](#) þess og lögum um opinber innkaup nr. 120/2016. Sveitarfélagið er aðili að rammisamningi ríkisins.

Varðveisla skjala – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Sveitarfélagið fer eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Skjalastjóri sveitarfélagsins ber ábyrgð á varðveislu skjala í samstarfi við aðra stjórnendur. Unnið er að því að færa skjalavörslu sveitarfélagsins yfir í rafræn skil.

Lögheimil verkefni

Almennar íbúðir – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Sveitarfélagið á nokkrar almennar leiguíbúðir. Úthlutun þeirra fer fram í byggðarráði. Íbúðirnar eru hugsaðar sem tímabundið úrræði og er úthlutað til 6-12 mánaða hverju sinni. Unnið er að því að endurskoða eign sveitarfélagsins á almennum leiguíbúðum í samræmi við tillögur starfshóps um fasteignir, jarðir og lendur sem samþykktar voru á 371. fundi sveitarstjórnar þann 14. september 2023. Tekið er við umsóknum um almennar leiguíbúðir á íbúagátt sveitarfélagsins.

Almenningssamgöngur – Ábyrgð: Vegagerðin og Fjölskyldusvið

Vegagerðinn annast rekstur almenningssamgangna á landsbyggðinni. Leið 57 ekur leiðina Reykjavík-Akureyri með viðkomu á Sauðárkróki báðar leiðir. Sveitarfélagið sinnir lögbundnu hlutverki sínum um akstur eldri borgara í dagþjónustu í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Vesturlands og um akstur fólks með fötlun. Fjölskyldusvið tekur á móti beiðnum um slíka þjónustu.

Bann/takmörkun gæludýra- og húsdýrahalds – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviðs

Sveitarstjórn setur [samþykkt um hunda og kattahald](#) sem gildir á Hvammstanga ásamt Laugarbakka og Borðeyri. Einnig er í gildi samþykkt um [búfjárhald](#) nr. 688/2013.

Bygging félagsheimila

Engar slíkar byggingar eru fyrirhugaðar

Höfn – Ábyrgð: Sveitarstjóri

Sveitarstjóri er hafnarstjóri. Sviðsstjóri umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviðs í umboði hafnarstjóra sér um viðhald og framkvæmdir á hafnarsvæði ásamt þjónustu við báta sem leggja að í höfninni.

Héraðsskjalasafn – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Sveitarfélagið rekur Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Héraðsskjalasafnið er staðsett í sama húsnæði og bókasafn sveitarfélagsins. Þar fer fram móttaka og vinnsla á þeim gögnum sem safninu berast.

Hitaveita – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Húnaþing vestra á og rekur dreifikerfi hitaveitu á Hvammstanga, hluta Hrútafjarðar, hluta Miðfjarðar og hluta Víðidal. Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið annast viðhald og rekstur kerfa í eigu sveitarfélagsins.

Holræsamál, nýbygging og viðhald – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Sveitarfélagið á og rekur fráveitukerfi í þéttbýli og innheimtir gjald vegna þess í samræmi við gjaldskrá hverju sinni. Sveitarfélagið heldur utan um losun rotþróa í dreifbýli þar sem ekki er fráveita og innheimtir raunkostnað fyrir þá þjónustu. Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið annast viðhald og rekstur kerfa í eigu sveitarfélagsins.

Leiklistarmál – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Húnaþing vestra styrkir leikfélög og önnur félög sem setja upp leiksýningar í Húnaþingi vestra. Sótt er um styrki í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert á íbúagátt á heimasíðu sveitarfélagsins. Samningur um afnot Félagsheimilisins Hvammstanga er í gildi við Leikflokk Húnaþings vesta gegn vinnu og afnotum af tækjum.

Lögreglusamþykkt – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnslusviðs

[Lögreglusamþykkt sveitarfélaganna í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi vestra](#) er í gildi í sveitarfélaginu.

Náttúrustofa – Ábyrgð: Fjármála og stjórnsýslusvið

Sveitarfélagið kemur að rekstri Náttúrustofu Norðurlands vestra með fjárframlagi í samræmi við lög um náttúrustofur nr. 54/2024. Náttúrustofan er með starfsstöð á Hvammstanga.

Valkvæð verkefni

Rannsóknarsetur Háskóla Íslands – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Í gildi er samstarfssamningur milli Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra með það að markmiði að efla þekkingar- og rannsóknarstarf og festa í sessi starfsemi setursins í sveitarfélaginu og á Norðurlandi vestra. Rannsóknarsetrið er með starfsstöð á Hvammstanga.

Björgunarsveit – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Húnaþing vestra stykir Björgunarsveitina Húna með styrktarsamningi. Í honum felst m.a. umsjón með flöggun við stofnanir sveitarfélagsins á fánadögum, umsjón flugeldasýningar á gamlársdag og umsjón þrettándabrennu.

Græn skref – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Húnaþing vestra tekur þátt í verkefninu Grænum skrefum. Byrjað er að vinna eftir Grænum skrefum í Ráðhúsinu á Hvammstanga og verða þau innleidd í öðrum stofnunum á komandi misserum.

Tjaldsvæði – Ábyrgð: Umhverfis-, veitu- og framkvæmdasvið

Tvö tjaldsvæði eru í sveitarfélaginu. Rekstur tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi er boðinn út en rekstur tjaldsvæðisins á Borðeyri er með rekstrarsamningi sem endurnýjaður er árlega.

Ýmsir styrkir – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Húnaþing vestra veitir styrki til ýmissa verkefna árlega. Auglýst er eftir umsóknum í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Umsóknum er skilað í gegnum íbúagátt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Húnasjóður – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Sveitarfélagið hefur umsjón með og leggur fé í Húnasjóð sem hefur þann tilgang að stuðla að endurmenntun og fagmenntun í Húnaþingi vestra. Úthlutun er auglýst að vori ár hvert og úthlutað að sumri. Umsóknum er skilað í gegnum íbúagátt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Atvinnu- og nýsköpunarsjóður – Ábyrgð: Fjármála- og stjórnsýslusvið

Sveitarfélagið leggur árlega fé í Atvinnu- og nýsköpunarsjóð Húnaþings vestra sem hefur það markmið að hvetja til jákvæðrar umræðu og verkefna á sviði atvinnuþróunar í sveitarfélaginu. Fjármagn til ráðstöfunar er ákvarðað við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni. Úthlutun er auglýst í janúar ár hvert og úthlutað í febrúar. Umsóknum er skilað í gegnum íbúagátt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Barnvænt sveitarfélag – Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Sveitarfélagið er aðili að verkefninu Barnvænt samfélag með samkomulagi við UNICEF. Stýrihópur um barnvænt- og heilsueflandi samfélag leiðir innleiðingu verkefnisins samhliða innleiðingu verkefnisins um Heilsueflandi sveitarfélag og Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Heilsueflandi samfélag – Ábyrgð: Fjölskyldusvið

Sveitarfélagið er aðili að verkefninu um heilsueflandi sveitarfélag með samningi við Landlæknisembættið. Stýrihópur um barnvænt- og heilsueflandi samfélag leiðir innleiðingu verkefnisins samhliða innleiðingu verkefnisins um Barnvænt sveitarfélag og Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Innleiðing heimsmarkmiða – Ábyrgð: Öll svið

Í sveitarfélaginu er unnið að innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Leitast er við að verkefni sveitarfélagsins samræmist Heimsmarkmiðum og eru áætlanir og stefnur tengdar inn í markmiðin. Stýrihópur um barnvænt- og heilsueflandi samfélag leiðir innleiðingu Heimsmarkmiða samhliða innleiðingu verkefnisins um Heilsueflandi samfélag og Barnvænt sveitarfélag.

Endurskoðun

Stefna þessi er endurskoðuð ár hvert samhliða fjárhagsáætlun skv. 130 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Stefna þessi er fyrir árið 2025 og árin 2026-2028 og nær yfir það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi á þeim tíma.

Samþykkt á xxxx. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra þann xx.xx.xxxx að setja í opið samráð meðal íbúa. X umsagnir bárust. Samþykkt á xxxx.byggðarráðs þann xx.xx.xxxx. Staðfest á xxx. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann xx.xx.xxxx

Skjal þetta hefur vísan í Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna nr. 10 og 11

Efni skjalsins samræmist markmiðum um Heilsueflandi samfélag.